



## Tvístrun og ofsóknir gyðinga

Rúmlega 50 árum f. Kr féll land Ísraelsmanna undir yfirráð rómverska heimsveldisins. Fyrst stjórnaði Heródes mikli landinu en hann lét meðal annars endurbyggja seinna musterið í Jerúsalem. Þegar Heródes lést tók sonur hans við en þótti mikill harðstjóri og var settur af árið 6. e.Kr og við tók stjórn rómverskra landstjóra.

Árið 66. e. Kr. hófst fyrra stríð gyðinga gegn Rómverjum sem stóð til ársins 73 e.Kr. Til er frásögn af því þegar hópur

gyðinga sem nefndist Zealots eða Sílótar, í Masada-virkinu í suðurhluta Ísraels, börðust gegn Rómverjum á síðustu dögum stríðsins. Þeir börðust hetjulega í næstum tvo ár þó þeir væru mun færri og verr vopnum búnir heldur en rómverski herinn. Masada-virkið stendur á stapa, sem er um 434 metrar á hæð, við suðvestur strönd Dauðahafsins og var því mjög erfitt að komast að því. Rómverjum tókst ekki að komast að virkinu fyrr en þeir náðu að gera skarð í virkisvegginn. En Sílótarirnir vildu frekar láta lífið heldur en að vera settir í þrældóm hjá Rómverjum. Þegar Rómverjar komust inn í virkið fundu þeir virkið í ljósum logum og alla íbúa þess látna fyrir utan tvær konur og fimm börn sem falið höfðu sig í vatnsleiðslu. Árið 2001 var Masada sett á heimsminjaskrá UNESCO.



Gyðingar töpuðu stríðinu og voru gerðir útlægir frá Jerúsalem og musteri þeirra eyðilagt. Margir hrökkluðust burt frá Palestínu og settust að í öðrum löndum. Gyðingar hafa í gegnum

**Róm** var mikið heimsveldi frá því 510 f. Kr og til ársins 476 e. Kr. Þegar Róm var sem stærst þá náði það yfir stóran hluta Evrópu, hluta Norður-Afríku og Austurlanda nær.

**Stapi** er allhár og brattur klettur sem stendur einn.

**Heimsminjaskrá UNESCO** er listi yfir landsvæði eða byggingar um allan heim sem Sameinuðu þjóðirnar hafa verndað vegna menningar eða náttúrlægs gildis þeirra.

**Musteri** er bygging þar sem fólk stundar átrúnað sinn og framkvæmir athafnir honum tengdum.

aldirnar þurft að sæta miklum fordómum og misrétti hvar sem þeir hafa sest að í heiminum, þó mismikið eftir tímabilum. Í Evrópu var algengt að þeir fengju ekki að setjast að þar sem þeir vildu heldur var þeim úthlutað ákveðnum hverfum sem þeir máttu búa í og nefndust þau „gettó“. Atvinnutækifæri og menntunarmöguleikar þeirra voru heldur ekki þessu og hjá öðrum. Þetta varð til þess að gyðingar dreifðust víða um lönd. Fyrst var mest um að þeir færu til Austur-Evrópu, en seinna færðu þeir sig til Vestur-Evrópu og einnig til Asíu og Norður-Ameríku.

Í lok 19. aldar hafði gyðingahatur eða



**And-semitismi** er óvild eða hatur á fólki af ættbálki semitisma einkum gyðinga.

**Seinni heimstyrjöldin** var stærsta og mannskæðasta stríð sögunnar sem snerti allar þjóðir Evrópu og margar þjóðir annarra heimsálfa á árunum 1939-1945.

**Adolf Hitler** var formaður Nasistaflokks Þýskalands og leiðtogi Þýskalands á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar.

**Nasismi** var pólitísk stefna sem grundvallaðist meðal annars á því að Foringinn réði öllu og trú á yfirburði vissra kynþátta yfir aðra. Undir stjórn þeirra voru allir minnihlutahópar s.s. gyðingar, sígaunar og pólitískir andstæðingar barðir niður og drepnir.

Það kallast **þjóðarmorð** þegar fólk af sama þjóðerni er skipulegt drepið með það í huga að minnka hóp þess eða útrýma.

Nasistar héldu úti sérstökum **fangabúðum** þangað sem gyðingum voru sendir. Í búðunum

and-semitismi í Evrópu aukist gífurlega. Í framhaldi af þessu flúðu margir gyðingar til Ameríku og flestir þeirra settust að í borginni New York eða í nágrenni við hana.

And-semitisminn náði hámarki í seinni heimsstyrjöldinni, á árunum 1939 til 1945, þegar ofsóknir gegn gyðingum urðu að kynþáttahatri og þeir álitnir ómerkari og lægra settir en aðrir. Í valdatíð Hitlers og nasismans í Þýskalandi voru framin þjóðarmorð á gyðingum. Þeir voru pyntaðir og myrtir á kerfisbundinn hátt með þeim skelfilegu afleiðingum að sex milljónum gyðinga var útrýmt. Margar kvikmyndir hafa verið gerðar sem tengjast þessum atburðum sem kallaðir hafa verið einu nafni helförin, til dæmis Óskarsverðlaunamyndirnar Schindlers List, The Pianist og La Vita è bella.

Eftir að heimstyrjöldinni lauk fannst dagbók Önnu Frank. Anna Frank var unglingsstelpa af gyðingaættum og bjó í Amsterdam í Hollandi. Hún var í felum fyrir nasistum ásamt fjölskyldu sinni í tvö

ár og á þeim tíma hélt Anna dagbók. Nasistar náðu þó til þeirra að lokum og fjölskyldan send í fangabúðir þar sem Anna lést 15 ára gömul. Dagbók Önnu Frank var fyrst gefin út árið 1947 en hefur verið þýdd á 67 tungumál, þar á meðal íslensku.

## Spurningar

1. Hvenær féll land Ísraelsmanna undir rómverskt yfirráð?
2. Hverjir voru Sílótar og fyrir hvað eru þeir þekktastir?
3. Hvernig endaði fyrra stríð gyðinga gegn Rómverjum?
4. Hvað er „gettó“?
5. Hvers vegna flúðu margir gyðingar til Ameríku í kringum aldamótin 1900?
6. Segðu frá meðferð nasista á gyðingum.